

26.4.2016

Eins og meðfylgjandi bréf gefur til kynna þá svaraði Sí þessari beiðni um tillögu þann 13. maí 2015.

Bestu kveðjur

Ellen H. Haraldsdóttir

Seðlabanki Íslands / Central Bank of Iceland

Skrifstofa bankastjóra / Governor's Office

Kalkofnsvegi 1

150 Reykjavík - Iceland

Tel: +354 569 9614

Fax: +354 569 9605

e-mail: eh@cb.is

<http://www.sedlabanki.is>



13. maí 2015
Tilvísun 1505041

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Með tölvupósti dags. 7. maí 2015, óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um 355. mál, tillögu til þingsályktunar um undirbúning að gerð þjóðhagsáætlana til langs tíma.

Flytjendur tillögunnar leggja til að hafinn verði undirbúningur að gerð þjóðhagsáætlana til langs tíma og í greinargerðinni er lögð áhersla á gildi gagnaöflunar því tengdu. Seðlabankinn getur tekið undir með flytjendum að ástæða sé til að hvetja opinbera aðila, aðrar stofnanir samfélagsins og fræðimenn til þess að skoða mögulega þróun efnahagslífsins á Íslandi til langs tíma. Tilhneiging er til þess að efnahagsstefna snúist um of um mótun stefnu til skamms tíma en horfi fram hjá langtímaþáttum sem kunna að ráða mestu um velmegun komandi kynslóða. Sumar ákvarðanir krefjast þess að horft sé til langs tíma, nokkurra ára og jafnvel áratuga. Dæmi um slíkt eru áhrif hægfara breytinga á aldurssamsetningu þjóðarinnar á tekjur og útgjöld hins opinbera. Mikilvægt er að taka tillit til þessara breytinga við hönnun skatta- og velferðarkerfis. Breytt aldurssamsetning mun einnig hafa mikil áhrif á þróun lífeyrissjóðanna, eins og réttilega er nefnt í tillögunni. Einnig má nefna sjálfbæra nýtingu auðlinda og þróun innviða til lengri tíma litið.

Þegar rýnt er í þróunina til langs tíma er hins vegar mikilvægt að gera sér grein fyrir takmörkum slíkrar greiningar. Hafa verður í huga hversu fjölbreytilegir möguleikarnir eru og geta fræðimanna og stefnusmiða til þess að sjá þá fyrir er takmörkuð. Ástæða er til að vara við ofurtrú á getu jafnvel færust sérfræðinga til að spá fyrir um framvindu efnahagsmála áratugi fram í tímann eða getu stjórnvalda til að gera áætlanir um þá framvindu. Hugtakið áætlun er því e.t.v. ekki heppilegt í þessu samhengi.


Hæpið er að gildi langtímaþjóðhagsáætlana umfram áætlanir sem gerðar hafa verið til þessa felist í því að áætlanir sem nú séu gerðar


„fall[i] hvergi saman í eina þjóðhagslega heild, eina langtímaþjóðhagsáætlun eða þjóðhagsspá.“ Hætt er við að *þjóðhagsspá* til jafn langs tíma og um er rætt verði takmörkuð leiðsögn fyrir stefnumótun líðandi stundar. Á hinn bóginn kann að vera gagnlegt að draga upp margar ólíkar sviðsmyndir til langs tíma sem varpa ljósi á kosti og takmarkanir sem stjórnvöld þurfa að taka afstöðu til á hverjum tíma.

Dæmin sem nefnd eru í þingsályktunartillögunni varða einkum málefni sem nú þegar er fylgst nokkuð ítarlega með. Gagna um tekjuskiptingu og stöðu auðlinda er aflað af stofnunum eins og Hagstofu Íslands og Hafrannsóknastofnun. Þá gagnaöflun og greiningu á grundvelli hennar má hins vegar eflaust bæta. Markvissari notkun upplýsinga við gerð langtímasviðsmynda kann einnig að kalla á öflun frekari gagna. Sennilega er bæði mögulegt og æskilegt að bæta gagnaöflun sem fyrir er óháð því hvort ráðist verður í gerð áætlana af því tagi sem flutningamenn þingsályktunartillögunnar leggja til en því mun eflaust fylgja nokkur kostnaður. Einnig þyrfti að huga að samhengi þeirrar vinnu sem nú er unnin innan ýmissa stofnana og vinnslu langtíma „þjóðhagsáætlana“.

Varðandi stöðu lífeyrissjóða sem rædd er í greinargerð þá er rétt að halda því til haga að það er innbyggt í íslenska löggjöf um starfsemi lífeyrissjóða að aðlaga þarf með reglubundnum hætti réttindi sjóðfélaga eða iðgjöld þannig að jafnvægi ríki á milli iðgjalda, væntrar ávöxtunar eigna og skuldbindinga skv. tryggingarfræðilegu mati. Það er á ábyrgð stjórna lífeyrissjóðanna að sjá til þess að sjóðirnir séu færir um að standa við skuldbindingar sínar og eftirlitsaðila að bregðast við verði brestir í því starfi. Ávöxtun lífeyrissjóðanna er því ekki endilega verkefni fyrir þjóðhagsáætlun af því tagi sem lagt er til. Skorti verulega á að lífeyrissjóðir geti staðið við skuldbindingar á hverjum tíma geta langtímahorfur á því sviði þó haft áhrif á opinber fjármál.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Arnór Sighvatsson
aðstoðarseðlabankastjóri


Ásgeir Daníelsson
forstöðumaður rannsókna og
spágerðar á sviði hagfræði og
peningastefnu